

Árlegt vatnsgjald

Vatnsgjöld eru innheimt af öllum mannvirkjum innan lóðar sem tilheyra sömu fasteign, en fasteign er nánar skilgreind í fasteignaskrá. Samkvæmt 6. gr. laga um vatnsveitu sveitarfélaga nr. 32/2004 er heimilt að leggja á fasteign almennt vatnsgjald hafi vatnsveita verið tengd við mannvirki á fasteign. Mannvirki telst tengt vatnsveitu þegar heimæð hefur verið tengd frá vatnsveitulögn í vatnsinntak notanda. Að jafnaði hefst innheimta við byggingarstig 4. Vatnsveitugjöld eru innheimt með fasteignagjöldum.

Sala á köldu vatni/neysluvatni er undanþegin virðisaukaskatti.

Árlegt vatnsgjald samanstendur af fastagjaldi á hverja matseiningu og gjaldi sem miðast við stærð eignar (fermetragjald) skv. fasteignaskrá. Hámark vatnsgjalds er 0,5% af fasteignamati matshluta eignar. Liggi ekki fyrir upplýsingar um flatarmál fasteignar í fasteignaskrá skal gjaldið taka mið af fasteignamati, þ.e. vera 0,15% af fasteignamati matseiningar. Bílskúrar og sambærilegt húsnæði sem stendur við íbúðarhús (á sömu lóð) er undanþegið fastagjaldi.

Gerð húsnæðis	Fastagjald kr./matseiningu	Fermetragjald kr./m ² /ár
Íbúðarhúsnæði	9.897	148,4
Atvinnu- og iðnaðarhúsnæði	19.795	148,4

Árlegt vatnsgjald af frístundahúsi fylgir vatnsgjaldi fyrir íbúðarhúsnæði en er þó aldrei lægra en kr. 28.036.

Árlegt vatnsgjald fyrir bændabýli fylgir vatnsgjaldi fyrir íbúðarhúsnæði. Fyrir útihús er ekki greitt fastagjald á matseiningu en greitt er hálf fermetragjald.

Aukavatnsgjald

Auk vatnsgjalds skulu fyrirtæki og aðrir er nota vatn til annars en heimilisparfa, greiða aukavatnsgjald skv. lögum (7. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004). Aukavatnsgjald skal að jafnaði innheimta samkvæmt mæli sem Norðurorka leggur til. Mælur eru settir upp í atvinnuhúsnæði og þar sem ætla má að vatnsnotkun sé mikil. Auk þessa er ákvæði í reglugerð um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005 sem heimilar innheimtu samkvæmt áætlun ef ekki er hætt að koma við mælingu.

Notkun	Verð kr/m ³
Notkun á ársgrunni undir 100.000 m ³	26,60
Notkun á ársgrunni 100.000 m ³ til 250.000 m ³	25,85
Notkun á ársgrunni 250.000 m ³ til 450.000 m ³	23,58
Notkun á ársgrunni yfir 450.000 m ³	21,78

Vatnstökustútur

Árlegt vatnsgjald innheimt fyrir aðgang að vatnstökustút (m.a. til vökvunar, brynningar dýra og þrifa). Innifalið í gjaldi er opnun að vori og lokun að hausti ásamt hefðbundnu viðhaldi heimlagna.

Vatnstökustútur	Kr/ár
Árlegt vatnsgjald	28.227

Árlegt vatnsgjald fyrir vatnstökustúta sem uppsettir voru fyrir 1. janúar 2018 er kr. 14.113